

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**19. september 2023**

### **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um leiðréttingu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði**

Borgarstjórn samþykkir að breyta fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði þannig að skatturinn verði 1,65% af fasteignamati húss og lóðar í stað 1,60%. Breytingin taki gildi frá og með janúar 2024. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra breytingarnar, auglýsa þær og gera ráð fyrir kostnaðaráhrifum í fjárhagsáætlun næsta árs sem og fimm ára áætlun. Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði voru lækkaðir úr 1,65% niður í 1,60% árið 2021 og hefur það valdið borgarsjóði miklu tekjutapi.

#### **Greinargerð**

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði voru lækkaðir árið 2021 þar sem borgin kynnti slíkt sem hluta af viðbrögðum vegna áhrifa COVID heimsfaraldurs. Árið 2021 var tekjutap borgarinnar vegna þess um 450 milljónir. Samkvæmt gróflegri áætlun er tekjutapið vegna þessa um 470 milljónir árið 2022 og rúmlega 500 milljónir á þessu ári. Áætla má að hækkun fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði vegna ársins 2024 geti skilað borgarsjóði vel yfir 500 milljónum.